

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði Bersi Sighvatsson á að sæta 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, hin ákærða Guðrún Bjarnadóttir 5 daga samskonar fangelsi og hinn ákærði Sigurður Ólafsson 2 daga samskonar fangelsi. Ákærði Bersi Sighvatsson greiði einn varnarlaun talsmanns síns í hjerði H. Ó. Brím 6 krónur og kostnað af gæzluvarðhaldi sínu þar, og auk þess greiði hann helming annars kostnaðar, er af málinu hefur leitt í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, en hinn helming kostnaðarins greiði öll hin ákærðu in solidum.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. nóvembermánaðar.

Nr. 32/1895:

Haraldur Möller

gegn

Ívari Helgasyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af stefnda verzlunarmanni í Hafnarfirði Ívari Helgasyni gegn áfrýjandanum Haraldi Möller bónda á Óseyri við Hafnarfjörð fyrir það, að áfrýjandinn tók tvívegis, 30.

og 31. ágústmán. f. á., upp kolanet fyrir stefnda, er stefndi hafði lagt í svo kallaðan »Ós« við Hafnarfjörð, vestanhalt út undan túninu á Óseyri, eign áfrýjandans. Krafðist stefndi skaðabóta af áfrýjanda fyrir netaupptökuna og þar af leiðandi veiðimissi, og var málið dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 20. aprilmán. þ. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda 5 krónur í skaðabætur og í málskostnað 5 kr.

Áfrýjandinn hefur skotið máli þessu til yfir dómsins með stefnu, út gefinni 24. júlí þ. á., og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kærum og kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfir- og undirdómi að skaðlausu eða eptir rjettarins mati. Svo hefur hann og krafizt, að undirdómarninn verði látinn sæta ábyrgð fyrir að hafa reiknað sjer of há ritlaun fyrir undirdómsgjörðirnar, 3 kr. 50 a. í stað 1 kr. 75 a., sem áfrýjandi álitur ritlaunin »eptir atvikum« eiga að metast. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði með öllu staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfir- og undirrjetti, 30 kr. eða það er rjetturinn álitur hæfilegt.

Áfrýjandinn hefur kannazt við að hafa tekið upp fyrir stefnda fyrgreind kolanet tvisvar sinnum að kvöldi dags að fornspurðum stefnda jafnskjótt og hann hafði lagt þau, og lagt þau ógreidd upp á þurrt land, þar sem þau lágu óhirt til næsta dags.

Þó að nú stefndi neitaði heimild áfrýjandans til netaupptökunnar og heimtaði skaðabætur fyrir hana, hefur áfrýjandi eigi sannað eða jafnvel reynt að sanna, að hann hefði slíka heimild, hvorki á þann hátt, að hann sem landeigandi ætti einn veiðirjett á svæði því, er netin voru lögð, eða á annan hátt. Áfrýjandinn verður því að álitast hafa heimildarlaust upp tekið fyrir stefnda umrædd net og spillt þannig ólöglega veiði hans, og með því að eigi hefur verið haft á móti því af áfrýjandans hálfu fyrir undirrjettinum, að skadinn, er stefndi hlaut af upptökunni, næmi þeirri upphæð, er ákveðin er í undirdóminum, en stefndi hefur eigi gagnáfrýjað honum, ber að staðfesta undirdóminn að því er skaðabóta ákvæði hans snertir, og sama er og um ákvæði hans um málskostnað. Áfrýjanda ber og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Það er vítavert, enda hefur áfrýjandi kært yfir því, að á undirdómsgjörðunum, er undirdómarinn hefur út gefið, er eigi stafa- og linufjöldi sá, er fyrirskipaður er í 3. gr. laga nr. 2, 2. febr. 1894, og hefur þó undirdómarinn tekið full ritlaun fyrir dómsgjörðirnar eptir arkafjölda, eða 3 kr. 50 a. fyrir 7 arkir. Þykir eptir álitum hæfilegt, að undirdómarinn bæti áfrýjanda þessa leturfæð með 1 kr., þannig að ritlaunin verði að eins 2 kr. 50 a., en að öðru leyti þykir ekki ástæða til að þessu sinni að láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir afgreiðsluna.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda 15 — fimmtán — krónur. Sýslumaður Franz Siemsen endurgjaldi áfrýjanda af ritlaunum undirdómshjörðanna 1 — eina — krónu.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. desembermánaðar.

Nr. 34/1895: sýslumaður Benedikt Sveinsson
 gegn
 ritstjóra Birni Jónssyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson, höfðaði mál þetta í hjeraði fyrir gestarjetti Reykjavíkur gegu stefnda, ritstjóra Ísafoldar, Birni Jónssyni, fyrir meiðandi ummæli í 58. tölubl. nefnds blaðs, sem kom út 10. júlí þ. á. og var það dæmt í gestarjettinum 14. ágústmánaðar þ. á. á þá leið, að stefndi var algjörlega sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Þessum gestarjettardómi hefur Benedikt Sveinsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefni 16. ágústmán. þ. á., og krafizt þess, að ýms tilgreind ummæli í blaðinu verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til fangelsis eða sekta fyrir þau, að hann verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi, og að klausa ein í varnarskjali stefnda